

Fundargerð 474. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2025, föstudaginn 22. ágúst kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Elliði Vignisson og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 473. fundar - 2401001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 473. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 22. maí 2025 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Skýrsla um fjárfestningar hafna á Íslandi 2025-2040 - 2505002HA

Lögð fram drög að skýrslu um Fjárfestingar hafna á Íslandi 2025-2040, dags. í 5. ágúst 2025 sem Íslenski sjávarklasinn er að vinna fyrir Hafnasamband Íslands.

Fulltrúum í stjórn falið að rýna vel í skýrsluna og koma athugasemdum á starfsfólk sem mun vinna skýrsluna áfram með Íslenska sjávarlasanum.

3. Samgönguáætlun 2026-2030 endurskoðun áætlunar - Hafnaframkvæmdir og sjóvarnir - 2505001HA

Rætt um samgönguáætlun 2026-2030 og helstu áherslur Hafnasambands Íslands. Upplýst var að varaformaður samgönguráðs er Alexandra Jóhannesdóttir sem jafnframt er varaformaður hafnasambandsins.

4. Afmörkun og skilgreining hafnarsvæða - 2412001HA

Formaður gerði grein fyrir stöðu mála í sambandi við hafnarmörk. Lagði hann til að ákveðnar hafnir myndu útbúa hafnamörk fyrir sínar hafnir sem Vegagerðin getur haft til hliðsjónar við sína vinnu við að útbúa skapalón fyrir hafnir.

5. Leiðarmerki og leiðsaga - úttektir og eftirlit - 2508002HA

Lagt fram erindi frá forstöðumanni Hafnadeildar Vegagerðarinnar, dags. 15. ágúst 2025, um kostnað við úttektir og eftirlit á leiðarmerkjum hafna. Stefnt er að því að hver höfn sé tekin út á tveggja ára fresti að jafnaði og þar sem þörf er á útbótum gæti það verið oftar.

Stjórn Hafnasambands Íslands leggur áherslu á að kostnaður við þetta hvíli ekki á höndum hafna, heldur sé eðlilegt að Vegagerðin standi straum af honum, líkt og áður.

6. Lögskráning á hafnarbáta. - 2508004HA

Formaður sagði frá fundi með Samgöngustofu sem var haldinn fyrr í sumar vegna lögskráningu á lóðs og dráttarbáta hafna.

7. Farþegaskip - farþegagjöld - 2108001HA

Rætt um ákvarðanir stjórnvalda um innviðagjöld á farþegaskip og að ráðherra hafi upplýst um að það ætti að endurskoða þessi gjöld. Jafnframt var rætt um afnám tollfrelsis sem hefur mikil áhrif á minni hafnir á landsbyggðinni.

8. Hafnafundur - lokayfirferð, tímarammi og dagskrá - 2411002HA

Rætt um dagskrá Hafnafundar 2025 sem haldinn verður í Ólafsvík 23. október nk.

Formanni og starfsfólki falið að ganga frá dagskrá og leggja fram á næsta stjórnarfund.

9. Fundargerð Öryggisnefndar - 2506002HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 3. fundar Öryggisnefndar frá 9. maí 2025.

10. Strandsiglingar - ályktun Hafnasambandsins - 2508001HA

Lagt fram til kynningar bréf Hafnasambands Íslands til innviðaráðherra, dags. 5. ágúst 2025, varðandi strandsiglingar. Þar lýsir stjórn yfir vonbrigðum með þá ákvörðun Eimskips að hætta strandsiglingum til hafna á Vestfjörðum og Norðurlandi í kjölfar stöðvunar á starfsemi kísilverksmiðju PCC á Bakka við Húsavík.

Fundi var slitið kl. 13:00